

Hrunamannahreppur
Skipulagsfulltrúi
Akurgerði 6
845 Flúðir

Reykjavík, 27. september 2024
UST202409-153/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing Breyting á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016 - 2032 - Kópsvatn, skilgreining námu E28

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps vegna námusvæðis E28 við Kópsvatn.

Í greinargerð kemur fram að breyting verður efnistökusvæði E28 á Kópsvatni þar sem það er stækkað úr 1,5 ha í um 24 ha. Svæðið sem um ræðir er í gildandi skipulagi landbúnaðarland. Heimilt verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni. Náman er með framkvæmdaleyfi í dag fyrir vinnslu á 50.000 m³ af efni.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum sem geta haft áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósvatn, strandsjó, lón og jökla).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er

veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lög og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.² Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að umhverfismarkmið og ástand vatnshlotsins er ekki það sama.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála³). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Efnistaka í á

Umhverfisstofnun bendir á að ef gert er ráð fyrir efnistöku í ánni þá flokkast sú efnistaka sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti en slíkar breytingar geta valdið hnignun á vistfræðilegu ástandi vatnshlotsins. Fjarlæging á efni (set og mól) úr straumvatnshlotum með tilheyrandi raski getur haft neikvæð áhrif á vatnsformfræðilega gæðabætti (t.d. rennsli,

dýpi, botngerð, samfellu eða svifaur) og þar af leiðandi neikvæð áhrif á líffræðilega- og eðlisefnafræðilega gæðapætti, bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Að auki vill Umhverfisstofnun vekja athygli á að umferð vinnuvéla í á svæðinu og við vatnshlotið eykur hættu á mengunarslysum.

Hverfisvernd, vistkerfi og fuglalíf

Í greinargerð segir að beggja vegna efnistökusvæðis er svæði undir hverfisvernd vegna fuglalífs og varps sílamáfs og grágæsar. Auk þess segir að í aðalskipulagsbreytingu verður skoðað hvað hægt er að gera til að minnka áhrif efnistöku á fugla. Hér virðist sem að sveitarfélagið geri ráð fyrir því að tillagan muni hafa neikvæð áhrif á hverfisverndarsvæðið og það vistkerfi sem það hefur að geyma.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að sveitarfélagið setji sér skýra stefnu um verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika í skipulagsáætluninni. Líffræðileg fjölbreytni nær yfir allar tegundir dýra, plantna, sveppa og annarra lífvera og þann breytileika sem er milli einstaklinga sömu tegundar og erfðaefnis þeirra. Líffræðileg fjölbreytni fjallar einnig um búsvæði allra lifandi lífvera og þau vistkerfi og vistgerðir sem þær mynda og sjálfbæra nýtingu lifandi náttúru.¹

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.²³

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis, eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Umhverfismatsskýrsla

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á eftirfarandi:

- Svæðið sem skipulagið nær til er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og fjalla þarf um það í tillögunni og áhrif hennar á það.⁴
- Huga sérstaklega að aðgerðum til að lágmarka loftmengun á framkvæmdartíma. Frá verklegum framkvæmdum getur verið mjög mikil rykmengun á formi jarðvegsryks. Þó um sé að ræða bæði tímabundin og staðbundin áhrif þá er framkvæmdatíminn mældur í árum og meðan á framkvæmdum stendur getur orðið veruleg rykmengun. Ýmsar leiðir eru færar til að lágmarka rykmengun frá framkvæmdum.
- Auk þess vill stofnunin benda á áætlun stjórnvalda um loftgæði sem nefnist *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029* þar sem markmiðið er að

¹ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2022/12/12/Radstefna-adildarrikja-Sameinudu-thjodanna-um-liffraedilega-fjolebreytni-i-Montreal-i-Kanada/>

² <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolebreytni-til-framtidar>

³ <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2023/11/13/Liffraedilegum-fjolebreytileika-hrakar-i-Nordastur-Atlantshafi/>

⁴ <https://vistgerdakort.ni.is/>

stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Áætlunin, sem gefin var út árið 2017, hefur það að meginmarkmiði „að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi“ en leiðarljós er: „að almenningur á Íslandi búi við hreint og heilnæmt andrúmsloft og að komandi kynslóðir megi njóta sömu eða betri loftgæða og þær sem nú byggja landið“.

- Umhverfisstofnun bendir á að svæðið má skilgreina sem opið landslag þar sem er víðátta og land er tiltölulega slétt. Allar breytingar verða mjög sýnilegar og erfitt að forðast sýnilega efnistöku á framkvæmdatíma. Mikilvægt er að laga efnistöku að þeim landformum sem fyrir eru.
- Varðandi loftslag er einungis landsskipulagsstefna sem umhverfisviðmið. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðalskipulag sveitarfélagsins sé haft sem umhverfisviðmið undir þessum þætti og aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.⁵

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

⁵ <https://www.co2.is/>